


Stjórn Blaðamannafélags Íslands hefur ákveðið að leggja fyrir aðalfund félagsins, sem haldinn verður 29. apríl næstkomandi, neðangreinda tillögu að lagabreytingu varðandi kjörtímabil formanns, sem felur í sér að í stað þess að kjörtímabilið sé eitt ár eins og nú er verði það tvö ár frá og með árinu 2022, eins og annarra stjórnar- og varastjórnarmeðlima. Rökin eru augljós. Eitt ár er skammur tími til að tileinka sér þekkingu og reynslu sem þarf til að stýra stéttar- og fagfélagi eins og Blaðamannafélaginu og raunar þekkist það hvergi í blaðamannafélögum á hinum Norðurlöndunum, þar sem kjörtímabilið er styst 2 ár í Danmörku og Noregi og allt upp í 4 ár í Finnlandi. Sama gildir um önnur stéttar- og fagfélög hér á landi að það er nánast óþekkt að kjörtímabil formanns sé einungis eitt ár. Breytingin ef samþykkt verður mun því gilda við formanskjör í aðdraganda aðalfundar 2022.

Fyrir hönd stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður

**4.5.1.** Framboði til formanns félagsins skal skila inn til skrifstofu félagsins a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Þriggja manna kjörnefnd, sem kjörin er á aðalfundi og starfar allt árið, skal skila inn tillögum að framboðum í stjórn a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Öllum félögum BÍ er heimilt að bjóða sig fram til annarra embætta en formanns á sjálfum fundinum. Formaður er kosinn til eins árs í senn, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Annað árið skal kjósa 3 aðalmenn og 1 varamann, og hitt árið 3 aðalmenn og 2 varamenn. Komi til formannskosningar sér kjörnefnd um framkvæmd kosningarinnar, m.a. hvað varðar opnun kjörfundar og utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Kjörnefnd setji sér starfsreglur fyrir utankjörstaðakosningu, póstkosningu og/eða rafræna kosningu. Þessar starfsreglur séu birtar á vef félagsins.

**4.5.1.** Framboði til formanns félagsins skal skila inn til skrifstofu félagsins a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Þriggja manna kjörnefnd, sem kjörin er á aðalfundi og starfar allt árið, skal skila inn tillögum að framboðum í stjórn a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Öllum félögum BÍ er heimilt að bjóða sig fram til annarra embætta en formanns á sjálfum fundinum. Formaður er kosinn **til tveggja ára í senn og sama gildir um aðra stjórnarmenn**. Annað árið skal kjósa **formann**, 3 aðalmenn og 1 varamann, og hitt árið 3 aðalmenn og 2 varamenn. Komi til formannskosningar sér kjörnefnd um framkvæmd kosningarinnar, m.a. hvað varðar opnun kjörfundar og utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Kjörnefnd setji sér starfsreglur fyrir utankjörstaðakosningu, póstkosningu og/eða rafræna kosningu. Þessar starfsreglur séu birtar á vef félagsins.